

Starfsmaður í dýraumönnunarteymi – Tímabundin staða

STARFSSTAÐUR	Sea Life Trust
STAÐSETNING	Griðarstaður mjaldra
HEYRIR UNDIR	Safnstjóra SEA LIFE TRUST
REPORTING TO THIS POSITION	n/a
STARFSLÝSING	Ábyrgur fyrir að inna af hendi hágæða þjónustu við dýr; undirbúning matargjafa, umhirða og viðhald dvalarstaða dýra og stjórnun ná atferlishegðun mjaldra, lunda og annarra dýra safnsins.

Yfirlit

Starfsmenn í dýraumönnunarteyminu, undir stjórn safnstjóra, bera ábyrgð á hágæða þjónustu við dýr; undirbúning matargjafa, umhirða og viðhald dvalarstaða dýra og stjórnun á atferlishegðun mjaldra, lunda og annarra dýra safnsins. Við leitum að einstakling sem hefur áhuga á að tímabundnu starfi í 6 mánuði, með möguleika á föstu starfi að þeim tíma loknum.

Hæfniskröfur

- Reynsla í vinnu við umönnun dýra (launuð- eða sjálfboðavinna), helst með fuglum, spendýrum eða sjávardýrum.
- Reynsla í teymisvinnu
- Gilt ökuskírteini og hrein ökuferilsskrá
- Tilbúin/n að vinna utan hefðbundins vinnutíma, bæði um helgar og helgidaga
- Framúrskarandi tjáning, bæði skriflega og munnlega
- Góð þekking á að vinna með hugmyndafræði atferlisþjálfunar með áherslu á jákvæða styrkingu

Aðrar kröfur

- Vilji til að vinna í og við hýbýli stórra sjávarspendýra
- Vilji til að vinna í varasömu umhverfi og fylgja viðeigandi varúðarráðstöfunum.
- Hæfni til að vinna um borð í bát og í sjó
- Þarf að standast bakgrunnsskoðun, læknisskoðun og sundpróf

Æskileg reynsla

- BSgráða í dýrafræði, líffræði eða skyldum greinum
- Þekking á vatnssíunarkerfum með tilliti til vatnshreinsunar og vatnsgæða
- Starfsreynsla á rannsóknarstofu eða dýralæknastofu
- Reynsla í umönnun sjávardýra
- Smáskipapróf
- Reynsla í köfun í köldu vatni

Allir umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði til að starfa og búa á Íslandi

Ábyrgð á heilsu og öryggi:

Starfsmenn bera ábyrgð á eigin öryggi ásamt öryggi samstarfsfélaga og gesta (þegar slíkt á við), í samræmi við stefnu SEA LIFE og landslög. Þeir þurfa að leggja áherslu á að starfa eftir öllum öryggisstöðlum í vinnu og mega ekki vinna með tæki sem þeir hafa ekki fengið þjálfun í að nota. Komi upp einhver atvik verða þeir að tryggja að slíkt sé tilkynnt til næsta stjórnanda og aðstoða við rannsókn á atvikinu þar sem við á.